

# FULLORÐINSFRÆÐSLA OG STARFSMENNTUN Á ÍSLANDI

## STAÐA OG ÞRÓUN STARFSFRÆÐSLU OG SÍMENNTUNAR



Jón Torfi Jónasson

Það er margt sem gerir umræðu um þetta efni í senn flókna og áhuga-verða. Í fyrsta lagi eru sum hugtök óljós og skilin á ólíka vegu þannig að fólk er oft að nota sömu orðin, til dæmis starfsmenntun, símenntun og fullorðinsfræðslu, en er samt að tala um mjög ólíka hluti. Þetta veldur því að erfitt er að bera saman stöðu mála á milli landa og jafnvel skoða þróunina innan hvers lands.

Í öðru lagi eru rökin eða hugsunin að baki menntun, sérstaklega margvíslegri endurmenntun, margslungin.

Ólíkir aðilar geta sammælst um mikilvægi menntunar en gera það á mjög mörgum og ólíkum forsendum. Sumir beina sjónum sínum að hag fyrirtækja og hverju menntun skilar þeim, aðrir að velta fyrir sér símenntun í þágu lýðræðis og jafnréttis. Enn aðrir huga fyrst og fremst að því hvernig einstaklingar geta haft gagn eða gaman af frekari menntun óháð arðsemi fyrir þá sjálfa, vinnustaði þeirra eða fyrir þjóðfélagið almennt. Af þessum sökum er erfitt að komast að niðurstöðu um hverjir eigi að bera ábyrgð á menntun að loknum formlegum skóla; er það samfélagið, fyrirtæki, verkalýðsfélög eða einstaklingarnir sjálfir?

Í þriðja lagi er sú grundvallarsýn sem fólk hefur á þau kerfi, sem ættu að þjóna endurmenntun, mjög margvísleg. Sumir hugsa einkum til hins hefðbundna skólakerfis og hvort það megnar að reiða fram ólík tilboð um menntun fyrir alla en aðrir gera því skóna að menntun í þágu atvinnulífs eða þeirra sem hafa hoptað frá skólakerfinu verði að fara fram á vettvangi atvinnulífsins og utan

skólakerfisins. Vegna þess að menntun fullorðinna hefur verið utan skólakerfisins hefur hún ekki verið mjög sýnileg. Margir halda að þetta sé tiltölulega nýtt fyrirbæri en þegar grannt er skoðað kemur í ljós að gróskumikil símenntun hefur verið við lýði um langa hríð. Þær flækjur, sem hér eru nefndar, verður að hafa í huga þegar starfsmenntun eða símenntun er rædd og þær kalla á að öll umfjöllun sé eins gegnsæ og skýr hvað þessi atriði varðar og mögulegt er.

Í þessari grein ætla ég að staldra við atriði sem ég tel að skipti sköpum um mat á stöðu, en þó einkum þróun, símenntunar næstu árin en ég ætla ekki að gefa yfirlit yfir allt það sem gæti skipt máli. Fyrst ræði ég um hugtök, einkum þau sem tengjast fullorðinsfræðslu, síðan um kerfi skóla og menntunar og í því sambandi um rætur menntunar fullorðinna, þar næst um rökin fyrir fræðslu fullorðinna og á hverjum ábyrgðin hvílir. Að síðustu fjalla ég um stöðuna og hver sennileg þróun verður.

### Hugtökin fullorðinsfræðsla<sup>1</sup>, endurmenntun<sup>2</sup>, símenntun<sup>3</sup> og starfsmenntun

Það skapar ákveðinn vanda í umræðu um menntun að merking mikilvægra hugtaka hefur verið á reiki. Þetta á líklega ekkert frekar við í umræðu um fullorðinsfræðslu en önnur svið menntunar en það má vera að hugtaka-óreiðan valdi óvenjumiklum vanda á þessu sviði<sup>4</sup>. Það er vegna þess að það tengist afdrifaríkum hugmyndum, til dæmis um skipulagningu nýs kerfis um fullorðinsfræðslu eða deilum um fjármagn. Vegna þess hve umfangið er mikið, fjármunirnir miklir, markmiðin margslungin og aðstæður fjölbreytilegar skiptir miklu máli að það sé

<sup>1</sup> Sjá umfjöllun í Jón Torfi Jónasson og Jóhanna Rósa Arnardóttir (2001a). Um hríð virðist *fullorðinnakennsla* eða *fullorðinnamenntun* hafa verið notað, sjá t.d. Jóhann S. Hannesson (1971). Í greinargerð frumvarpsins um fullorðinsfræðslu var rökstutt að samsetning eintölunnar (fullorðins) og fræðslu-hugtaksins væri líklega þjálli orðmynd.

<sup>2</sup> Um hríð virðast orðin *ummentun* og *viðbótarmenntun* hafa verið notuð þegar nú er talað um endurmenntun.

<sup>3</sup> Athyglisverðust eru orlög orðsins *ævimenntun*. Það var alls ráðandi á áttunda áratugnum, stundum sem þýðing *permanent education* (sjá Bertrand Schwartz, 1971) en þó mun frekar á *life-long learning*. Það er ljóst að orðið *símenntun* er upphaflega þýðing á *recurrent education*. Þess vegna virðist vera eðlilegt að tala um að leggja áherslu á símenntun (það er að fólk geti auðveldlega komið aftur og aftur inn í fræðslustarf), m.a. með því að byggja upp kerfi eða umgjörð ævimenntunar. Einkenni ævimenntunarkerfis er símenntun.

<sup>4</sup> Það er ekkert sáluhjálparatriði að öll hugtökin séu kristaltær ef þau skiljast í stórum dráttum. Hins vegar getur skipt sköpum, t.d. í deilum um hver á að standa straum af kostnaði einhversrar starfsemi að vita hvað til hennar heyrir. Þetta á örugglega við um fjölmargt sem deilt er um hvort að flokka eigi sem fullorðinsfræðslu, endurmenntun eða starfsmenntun, svo dæmi séu tekin.

sæmilega ljóst um hvað málið snýst. Orðið *fullorðinsfræðsla* hefur í daglegu tali að minnsta kosti tvenns konar merkingu og hér verða leidd rök að því að líklega séu þær þrjár<sup>5</sup>.

Í fyrsta lagi er sú merking sem vísar til allrar fræðslu sem fullorðið fólk á kost á, hvort sem miðað er við tvítugsaldurinn eða önnur aldursmörk og hvort heldur fræðslan er formleg eða óformleg. Í umfjöllun um menntamál hefur mótast sérstakt fræðasvið um kennslufræði fullorðinna sem fjallar um alla kennslu til handa fullorðnum á grundvelli þessarar almennu merkingar (á ensku er notað orðið *andragogy* um þessi fræði).

Önnur merking orðsins, og miklu algengari, er talsvert þrengri og vísar til þeirrar fræðslu fullorðinna sem er annaðhvort utan skólakerfisins (til dæmis námskeið með starfi) eða fræðslu sem er sérstaklega ætluð fullorðnu fólki til þess að það geti bætt sér upp formlega skólagöngu sem það fór á mis við (til dæmis þá fræðslu sem öldungadeildir framhaldsskólanna hafa boðið upp á). Menntun fullorðinna, sem er eðlileg framvinda formlegrar skólagöngu (til dæmis nám iðnmeistarara, eða meistara- og doktorsnám í háskóla), telst samkvæmt þessari skilgreiningu ekki til fullorðinsfræðslu. Þessi merkingarmunur skiptir máli. Þegar fjallað er um fræði um fullorðinsfræðslu, til dæmis hvort sérstök viðhorf eigi við þegar skólastarf fyrir fullorðna er skipulagt, er orðið notað í viðari merkingunni. Hins vegar, þegar krafa er gerð til stjórnvalda um að vinna að skipulagi fullorðinsfræðslu eða þegar fjallað er um löggjöf til þess að efla fullorðinsfræðslu eða greiða fyrir hana, er þetta sú merking sem lögð er í orðið og svo er einnig hér. Í þessari merkingu tekur orðið hugsanlega við af orðunum *alþýðumenntun* eða *alþýðufræðsla* sem vísuðu til margvíslegrar fræðslu sem fólk sótti sér.

En það má deila um hvort telja eigi nám innan skólakerfisins með fullorðinsfræðslu alveg óháð því hve gamalt fólk er. Vera má að hún eigi aðeins að ná til náms utan skólakerfisins eigi hún að koma að gagni.

Þess vegna má segja að merking orðsins fullorðinsfræðsla sé orðin þríþætt. Tvær fyrstu merkingar orðins eru þær sem kynntar voru hér að framan:

- I) Fræðsla fyrir alla sem náð hafa ákveðnum aldri, segjum 20 ára aldri. Hér vísar orðið til allrar fræðslu fullorðinna alveg óháð stöðu hennar miðað við skóla-kerfið. Þetta var fyrri merkingin sem nefnd var hér að framan og orðið andragogy vísar til. Þetta er líklega hin kórrétta merking og þess vegna sú sem ætti að nota en er sjaldnast sú sem fólk hefur í huga þegar orðið er notað.
- II) Fræðsla fyrir alla sem stunda nám en eru ekki á hinum beina vegi formlegrar skólagöngu. Þetta er sú merking sem lögð er í orðið í frumvarpi til laga um fullorðinsfræðslu sem lagt var fyrir Alþingi árið 1974. Hér er með talin formleg skólaganga, hvort heldur er innan framhaldsskóla- eða háskólakerfisins en á þó aðeins við í því tilviki þegar fólk stundar námið löngu eftir að hinum venjubundna aldri skólastigsins er náð (til dæmis þegar fólk lýkur framhaldsskólanámi á fertugsaldri). Enn fremur nær merkingin til allrar óformlegrar fræðslu fyrir fólk á fullorðinsaldri.
- III) Fræðsla sem ekki fellur að hinu formlega skólakerfi er sú merking sem virðist ráða ferðinni nú orðið í almennri umræðu. Oftast hefur fólk aðeins í huga þá fræðslu sem tengist atvinnulífinu en margvísleg tómtundafræðsla fær að fljóta þarna með. Samkvæmt þessari þrengstu merkingu tilheyra öldungadeildir framhaldsskólanna strangt til tekið ekki fullorðinsfræðslu. Þessi merking var ekki kynnt í umræðunni hér að framan.

Orðið *endurmenntun* virðist hafa fest sig í sessi og er, eins og fullorðinsfræðsla, einnig notað í fleiri en einni merkingu í íslensku. Annars vegar er orðið notað í þrengri merkingu og vísar þá til þess að fólk sækir sér endurmenntun þegar það endurnýjar fyrri menntun sína. Þá er til dæmis talað um endurmenntunarnámskeið fyrir fagstéttir og þannig er orðið væntanlega til komið. Þessi

<sup>5</sup> Það er athyglisvert hvað þetta hugtak er skilgreint á marga ólíka vegu í nágrannalöndum okkar. Sjá yfirlit yfir ólíkar skilgreiningar í Beatriz Pont, Anne Sonnet, Patrick Werquin (2003). Þar sést að enska orðið *adult education* er ýmist notað í viðari eða hinni þrengri merkingu.

merking var væntanlega höfð í huga þegar Endurmenntunarnefnd HÍ var sett á laggirnar árið 1985<sup>6</sup>. Samkvæmt þessari þröngu merkingu orðsins er ekki gert ráð fyrir að fólk sé að bæta við sig frekari prófgráðum í beinu framhaldi af þeim sem það hefur fyrir. Ef svo væri þá væri talað um viðbótar- eða framhaldsnám en ekki endurmenntun. Hins vegar virðist orðið endurmenntun smám saman fá víðari merkingu og ná yfir allt nám sem fólk sækir sér á fullorðinsaldri og er þá ekki gerður greinarmunur á því hvort um er að ræða grunnmenntun (til dæmis iðnnám eða fyrstu háskólagráðu), framhald grunnmenntunar eða endurnýjun þekkingar, svo framarlega sem fólk er að bæta við sig námi eftir nokkuð langt hlé (og er að öðru jöfnu þess vegna ekki á þeim aldri í náminu sem kerfið gerir ráð fyrir). Ef fólk bætir við sig námi sem felur í sér prófgráður, sem eru þó á sama stigi og fyrri gráður, hefur það stundum verið kallað viðbótarmenntun eða ummenntun frekar en framhaldsmenntun<sup>7</sup>. Nú er þetta nám oft flokkað sem endurmenntun. Þessi útvíkkun merkingar orðsins er að mörgu leyti skiljanleg enda má segja að öll menntun sé í einhverjum skilningi til endursköpunar, meðal annars þegar fólk sækir inn á algjörlega ný mið, og þess vegna megi rökstyðja að orðið eigi oft við. Sennilega er óhjákvæmilegt að sætta sig við þessa víðu merkingu. Orðið er notað í þessari víðu merkingu hér.

Orðið *símenntun* fær stöðugt öruggari fötfestu og tengist meðal annars áhrslu stjórnvalda víða um heim á „*life-long learning*“. Ekki er ljóst hvers vegna þetta hugtak ýtti út orðinu *ævimenntun* sem að sumu leyti virðist samsvara *life-long learning* betur og var notað um hríð. Hér er átt við að í nútímapjóðfélagi sé eðlilegt og mikilvægt að líta svo á að menntun taki aldrei enda, það sé úrelt viðhorf að halda að maður ljúki námi á unglingsaldri og þar með sé skólagöngu lokið<sup>8</sup>. En orðið lýsir stöðu eða almennu skipulagi en ekki tilteknu námi, til dæmis væri

ekki eðlilegt að tala um að „sækja sér símenntun“, heldur frekar að fara á námskeið eða sækja sér endurmenntun eða viðbótarmenntun í samfélagi þar sem mikilvægi símenntunar væri viðurkennt.

Orðið *starfsmenntun* á íslensku vísar til menntunar til starfa eða starfssviða hvort heldur hún fer fram utan skólakerfisins eða innan, í framhaldsskóla eða háskóla. Um menntun í skóla eru oft notuð ensku orðin *vocational education* (sem vísar einkum til starfsmenntunar í framhaldsskóla) og *professional education* (sem vísar einkum til fagmenntunar í háskóla). Þetta bendi ég á vegna þess að á íslensku skilja sumir orðið starfsmenntun eins og það vísi fyrst og fremst til framhaldsskólanáms en það er ekkert í eðli þess verkefnis að mennta fólk til starfa sem bendir á eitt skólástig öðru fremur né tengir það nauðsynlega við skóla. Það er heldur ekkert sem bindur námið við ákveðinn aldur þótt auðvitað sé gert ráð fyrir að fólk undirbúi sig undir störf áður en það ræður sig til þeirra.

## Menntakerfi

Samspil skóla og margvíslegrar endurmenntunar er um margt sérstakt. Að sumu leyti er eins og þessi tvö verkefni snerti ekki hvort annað en samt er eins og skólakerfið ráði mjög miklu um framvindu og skipan allrar menntunar<sup>9</sup>. Þótt skólakerfi séu löngu búin að taka á sig ákveðið mót eru þau enn í sífelldri þróun og hafa mjög mótandi áhrif á menntun utan kerfisins. Starfsmenntun, sem almennt er viðurkennt að sé ein af undirstöðum hagkerfisins, fer að mestu fram innan skólakerfisins og hefur sjálf einnig verið að breytast, sumir þættir hennar hafa verið að flytjast á milli skóla og vettvangs (stundum í eina átt, stundum í aðra). Upphaflega átti starfsmenntun ekki endilega heima innan skólakerfisins en hefur smám

<sup>6</sup> Orðið *endurmenntun* er ekki í útgáfu Orðabók Menningarsjóðs frá 1985.

<sup>7</sup> Hér er gert ráð fyrir að orðið framhaldsnám vísi til formlegra prófgráða í skólakerfinu þar sem það er alveg ljóst að næsta prófgráða er æðri þeirri fyrri og er í beinu framhaldi af henni. Þessi merking orðsins er ekki jafnskýr og fyrr en það eru þessar framhaldsgráður sem ég á erfiðast með að sætta mig við að séu taldar til endurmenntunar.

<sup>8</sup> Tékkneski menntafrömuðurinn Komenius (1592-1670) taldi að menntun hæfist í móðurviði og síðasta menntunarskeiðið væri undirbúningur undir dauðann.

<sup>9</sup> Auðvitað eru tengsl, m.a. fyrir tilstilli símenntunarmiðstöðva, en þeim er einmitt ætlað að byggja brýr vegna þess hve náttúrulegir snertifletir eru fáir.

saman flust þangað. Endrum og eins er reynt að stemma stigu við því og flytja hana í einhverjum mæli aftur út á starfsvettvang og margvísleg starfsmenntun fer vissulega fram utan skólakerfisins. Umfjöllun um símenntun hefur einmitt mótast af hugmyndum um að menntun, ekki síst til starfs, sé viðfangsefni fólks alla starfsævina og verði því að fara fram með starfi og þá ekki síður utan skóla en innan. Á síðustu áratugum 20. aldar var almennt álitnið að menntun eftir að formlegri skólagöngu lyki væri mjög mikilvæg, jafnvel ekki síður en sú sem færir fram á skólagöngualdri. Þess vegna bærir henni mikilvægur sess í umræðu um menntamál; hugmyndin um ævimenntun eða símenntun fór að taka á sig skýra mynd. Það er því augljóslega áhugavert að velja því fyrir sér hvernig þessir mikilvægu þættir menntunar þróast, fléttast saman og hafa áhrif hvor á annan.


Skólakerfi Vesturlanda hafa mótast á nokkuð löngum tíma þótt íslenska kerfið sé ekki ýkja gamalt. Þessari mótun er engan veginn lokið. Fram að 19. öldinni var nánast ekkert skólastarf á Íslandi utan latínuskólanna sem voru starfsmenntaskólar fyrir presta<sup>10</sup>. Á 19. öldinni fer svo að móta fyrir skólakerfi en einnig dafnaði fjölbreytileg fræðslustarfsemi sem sneri bæði að starfsmenntun og almennri fræðslu fyrir unga sem aldna. Alþýðufræðsla eða fullorðinsfræðsla var mjög blómleg á þessum tíma. Undir lok aldarinnar fer það skólakerfi, sem við þekkjum nú, að taka á sig skýra mynd, annars vegar með stórefldri barnafræðslu en ekki síður með stofnun starfsmenntaskóla í ýmsum starfsgreinum. Blómaskeið starfsmenntaskóla var á áratugunum fyrir og eftir aldamótin 1900. Þessi þróun heldur svo áfram á fyrri hluta 20. aldarinnar og það vekur athygli hve fjölbreytt umgjörð þeirra og starfsemi var. Með lagasetningu árið 1946 verða viss þáttaskil því þá eru sett lög um marga af þessum skólum og þeir settir inn í eitt heilsteypt kerfi. Það má segja að samhliða stofnun lýðveldisins höfum við sett á laggirnar okkar eigið skólakerfi. Sú viðleitni að fella skólana að einni heild heldur áfram allan seinni helming

aldarinnar og með framhaldskólaögunum 1988 er henni að mestu lokið fyrir framhaldsskólastigið og með lögum um háskóla 1997 er það sama gert fyrir háskólastigið. Í þessari þróun var mótað vel samhæft kerfi og innan þess eru nemendur hreyfanlegir en jafnframt innan ramma sem er skýr. Það eina sem hefur ekki tekist (góðu heilli) er að aldursbinda rammann í þeim mæli sem gert hefur verið í nágrannalöndum okkar en nokkur viðleitni er þó í þá átt<sup>11</sup>. Fjölmargt hefur unnist með þessari kerfisbindingu en sennilega hefur tvennt tapast sem er áhyggjuefni. Annað er fjölbreytileiki. Vera má að það sé einkum margbreytileiki skipulags og verklags sem hefur látið undan síga en mig grunar að það eigi einnig við um inntak; að vísu ekki endilega fjölda námsbrauta heldur hvernig á þeim er haldið og hvert inntak þeirra er. Hitt sem hefur tapast er sveigjanleiki. Um leið og skólakerfinu hefur vaxið ásmegin og það hefur tekið á sig skýrari mynd og reglurnar um hvenær nemandi er innan kerfisins eða utan hafa mótast hefur staða þeirra sem eru utan kerfisins í vissum skilningi veikst. Það er orðið ljósara en áður hvort fólk hefur spjarað sig í kerfinu eða ekki vegna þess hve leikreglurnar eru skýrar og einfaldar. Skólakerfið er í þessum skilningi mjög ráðandi um stöðu fólks í samfélaginu og það verður sífellt mikilvægara að skilgreina sig með tilvísun í það kerfi, meðal annars með því að nota þau viðmið (þ.e. þær prófgráður eða vottorð) sem það notar. Staða þeirra sem eru fyrir utan verður af þessum sökum sífellt erfiðari. Það er þess vegna áhugavert að fylgjast með því hvernig skólakerfið styrkir stöðu sína, verður að ýmsu leyti einfaldara, gagnsærra, öflugra og skilvirkara en tapar um leið ákveðinni fjölbreytni og sveigjanleika og verður hugsanlega í hugum sumra heldur fráhrindandi.

Fræðsla og nám fullorðinna innan og utan skólakerfisins hefur um langan aldur skipt miklu máli en það er eins og þetta hafi stundum gleymst í umræðu um þróun menntunar í landinu. Það eru tvær stoðir þessarar fullorðinsfræðslu. Önnur eru margvíslegar tilraunir til þess að

<sup>10</sup> Það er eftirtektarvert að menntaskólarnir, eins konar musteri almenns bóknáms, skuli í upphafi hafa verið starfsmenntastofnanir. Ég hef kallað þetta dæmi um bóknámsrek (*academic drift*).

<sup>11</sup> Með aldursbindingu er t.d. átt við að fólk eigi ekki erindi í framhaldsskóla eftir að það hefur náð tvítugsaldri.



þjóða fullorðnu fólki upp á hefðbundna kennslu sem oft hefur verið fyrir utan hið formlega skólakerfi, hvort heldur það var í lýðháskólum, útvarpsskóla, bréfaskóla, námsflokkum eða í margvíslegum námskeiðum sem hafa blómstrað allan seinni hluta 20. aldar. Sumt af þessari fullorðinsfræðslu hefur þó verið innan skólakerfisins og eru öldungadeildir framhaldsskólanna á síðasta fjórðungi 20. aldarinnar skýrasta dæmið um það. Undanfarinn áratug hefur óformleg fullorðinsfræðsla verið færð inn í skólakerfið í auknum mæli, ekki síst á háskólastiginu.

Hinn þáttur fullorðinsfræðslunnar er ekki síður áhuga-verður og hefur örugglega verið mjög vanmetinn í umræðu um uppbyggingu menntunar í landinu. Þetta er ótrúlega fjölþætt óformleg fræðslustarfsemi af ýmsu tagi. Innan hennar rúmast fræða- og lestrarfélög 19. aldarinnar, uppbygging bókasafna til alþýðufræðslu, öflug tímarita-útgáfa 19. og 20. aldar, öflug kennslu- og fræðslustarfsemi ríkisútvarpsins, einkum á fyrstu áratugum þess, almennir fyrirlestrar og fræðslufundir alla 20. öldina og fræðsluefni á netinu á síðustu árum. Ingi Sigurðsson (1996) segir meðal annars um atorku Magnúsar Stephensen í byrjun 19. aldar:

Útgáfa efnis fyrir börn í fræðsluskyni var sannarlega merkur þáttur í útgáfustarfsemi þeirri sem Magnús var viðriðinn, en meginmarkmið hennar var að sjá fullorðnum fyrir góðri fræðslu um veraldleg og, að nokkru leyti, andleg efni. Segja má að í viðleitni hans á þessu sviði hafi falist risavaxið átak í fullorðinsfræðslu (bls. 110).

Það skiptir mestu máli þegar þróun þessarar fullorðinsfræðslu er athuguð að frekar fjölþætt og margþætt menntun af ýmsu tagi varð smám saman samofin hinu formlega skólakerfi. En jafnframt hafa vaxið nýir sprotar af nýjum fræjum og ekki er alltaf ljóst hvernig eða að hvaða marki þeir fléttast inn í menntakerfið. Reynslan sýnir þó að það muni í flestum tilvikum gerast um síðir. Ástæða er til að ætla að viðurkenning samfélagsins á því að símenntun sé hluti af menntakerfinu leiði smám saman til talsverðra breytinga á þessu kerfi og á viðhorfi

til menntunar. Það er ekki ósennilegt að þetta verði þær breytingar á menntun sem verði mest áberandi á fyrstu áratugum 21. aldarinnar.

### Hvers vegna fullorðinsfræðsla?

Rökin fyrir menntun eru margslungin og það á jafnt við um menntun utan og innan skólakerfisins. Á síðustu áratugum hefur verið látið að því liggja að tilefni menntunar eftir að formlegri skólagöngu lýkur sé fyrst og fremst að styrkja stöðu vinnuafls á markaði, til þess auka framleiðni, færnanleika vinnuafls og nýsköpun í atvinnulífi. Þetta mætti kalla *mannauðsrökin*. Þetta eru vissulega sterk og mikilvæg rök fyrir kvikri endurmenntun. Þetta eru auðvitað einnig veigamikil rök fyrir öflugum framhalds- og háskólum og það er almennt og nokkuð gott samkomulag um að samfélagið standi straum af rekstrar-kostnaði þeirrar grunnmenntunar sem þar fer fram. En hvað um kostnaðinn af endurmenntun utan skólakerfisins? Það hefur verið stefna ríkisvaldsins undanfarið að ábyrgðin á endurnýjun menntunar sé á herðum einstaklinga og síðan atvinnurekenda að því marki sem það eru sérstakir hagsmunir þessara aðila sem eru í húfi. En málið er aðeins flóknara.

Það er alls ekki ljóst hvers vegna eigi að gera þennan skýra greinarmun á grunnmenntuninni sem er innan hins formlega skólakerfis og viðhaldi menntunar sem er iðulega utan þess. En fyrir því eru meðal annars þau rök að fólk, sem komið er til starfa, hafi meira svigrúm til að standa straum af endurnýjun þekkingar sinnar og meiri sveigjanleika til þess að gera það, meðal annars í samráði við vinnuveitanda sinn. En það sem flækir þetta mál enn frekar er að það eru að minnsta kosti þrenn rök fyrir endurmenntun til viðbótar mannauðsrökunum sem þegar hafa verið nefnd. Fyrst eru það rök sem vísa til mikilvægis þess að endurnýja undirstöðuþekkingu (meðal annars læsi) almennings í þjóðfélagi sem tekur hröðum breytingum en reiðir sig á þekkingu hvers einasta einstaklings til þess að taka virkan þátt<sup>12</sup>. Köllum þetta *lýðræðisrökin*.


<sup>12</sup> Ég tel að íslenskukennsla til handa fólki af erlendi bergi, sem hefur tekið sér búsetu hér á landi, fari í þennan flokk.

Í öðru lagi eru það rök sem benda á mikilvægi þess að efla grunnmenntun þeirra sem minnsta menntun hafa svo þeir séu líklegri til að vera virkir í atvinnulífinu en jafnframt til þess að draga úr stéttaskiptingu sem má rekja til mjög mismikillar menntunar. Þetta mætti kalla *jafnræðisrökin*<sup>13</sup>. Í þriðja lagi eru það rök sem byggjast á mikilvægi þess að tryggja almennan tæknilegan grunn samfélagsþegnanna sem er mikilvægur til þess að tryggja hreyfanleika vinnuafslins. Köllum þetta *almennu tæknirökin* en þau eru sennilega léttvægust þeirra raka sem hér hafa verið nefnd. Spurningin er þessi: Séu þessi rök viðurkennd sem mikilvæg rök fyrir endurmenntun, hver á þá að axla ábyrgðina? Er það samfélagið, einstaklingurinn eða atvinnulífið? Það er alls ekki víst að öll rökin kalli á sama svarið. Það virðast þó ekki sterk rök fyrir því að atvinnulífinu beri að axla alla þessa ábyrgð og það er ekki ljóst að einstaklingarnir hafi alltaf burði til þess; raunar er margt sem bendir til þess að samfélaginu beri að bera hana að mestu á svipuðum forsendum og það axlar ábyrgð á grunnmenntun að loknu skyldunámi.

### Staða endurmenntunar

Samanburður við önnur lönd er áhugaverð leið til þess að leggja mat á stöðu endurmenntunar þótt hann segi auðvitað ekki alla söguna. Skoðum fyrst þann hóp sem ekki hefur aflað sér neinnar menntunar í framhaldsskóla. Hann skiptir miklu máli vegna þess að gert er ráð fyrir að þeim mun betri sem grunnmenntunin sé, þeim mun meiri líkur séu á því að endurmenntunin verði í lagi. Mynd 1 sýnir að staða okkar í þessu efni er ekki mjög sterk og það ætti að vera áhyggjuefni. Það er tvennt sem er athyglisvert við þessa mynd. Það mjög áberandi að Ísland hefur stærsta hópinn sem eingöngu er með grunnskólamenntun þeirra landa sem þarna eru sýnd. Að vísu eru Ítalía, Portúgal og Spánn lakar stödd en Ísland en þau eru ekki sýnd á myndinni. Norðurlöndin eru sýnd með opnum hringjum og staða þeirra er samkvæmt þessum mælikvarða talsvert betri en okkar.


Nú ber að taka svona tölur frekar sem almenna vísendingu en það er ljóst að staða Íslands er talsvert önnur en fjölmargra ríkja sem við berum okkur gjarnan saman við. Það er ekki síður umhugsunarefni að staðan er ekki að breytast mikið hjá okkur. Í löndunum sem koma næst okkur, Írlandi og Frakklandi, eru hlutföllin að breytast nokkuð ákveðið og sama á við um Finnland.



Mynd 1. OECD Education at a Glance 2004 Tafla A3.4b.


En þrátt fyrir þessa slöku stöðu okkar hvað varðar hina formlegu menntun er ekki að sjá að endurmenntun- arstaða okkar sé í raun veik. Þetta skiptir auðvitað máli því að eitt aðaláhyggjuefnið í umræðu um brottfall eða lágt hlutfall sem hefur lokið framhaldsskóla er að lítil grunnmenntun komi niður á endurmenntun. Mynd 2 sýnir þátttöku í endurmenntun (hér er skólastarf talið með) í fjölmörgum löndum, þar á meðal alls staðar á Norðurlöndunum. Samkvæmt þessari mynd þá þurfum við ekki að hafa áhyggjur af því að við séum eitthvað sérstaklega aftarlega á merinni hvað endurmenntun varðar. Við erum í fremsta flokki ásamt öðrum norrænum löndum í þessu efni, meðal annars stöndum við Norðmönnum á sporði þótt þeir standi mun betur en við í grunnmenntuninni (standa allra þjóða best) samkvæmt Mynd 1. En ef aðeins væri horft til starfsmenntunar utan skóla þá standa Norðmenn aðeins betur en við.

<sup>13</sup> Margir hafa trúað því að Norðurlöndin stæðu tiltölulega vel í jafnræðismálum en það er matsatriði og ef til vill umdeilanlegt, sjá Jón Torfi Jónsson og Albert Tuijnman (2001a).



Mynd 2. Hlutfall 25-64 ára gamals fólks sem hefur tekið þátt í einhverri endurmenntun (skólaganga talin með) í nokkrum löndum. Sjá nánar í Jón Torfi Jónasson og Albert Tuijnman (2001b). Tuijnman, A., & Hellström, Z. (Eds.). (2001). *Curious minds. Nordic adult education compared*. Copenhagen: TemaNord & Nordic Council of Ministers.

Á hinn bóginn er það áhyggjuefni hve erfiðlega okkur gengur að komast yfir 75% markið þegar horft er til námsloka í framhaldsskóla eins og sýnt er á Mynd 3.




Mynd 3. Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu.

Parna er sýnt það hlutfall fólks sem lokið hefur einhverri viðurkenndri prófgráðu í framhaldsskóla (eða meira námi) óháð því hve námið kann að vera langt eða stutt. Þetta veldur áhyggjum vegna þess að svo virðist sem nokkuð stóran hópur fólks vanti ákveðna grunnmenntun, til dæmis margvíslega starfsmenntun á þeim vettvangi sem

það starfar á og vegna þess að þessi hópur er minnst líklegur til þess að sækja sér endurmenntun sem er talin mjög mikilvæg fyrir alla. Það má einmitt vera að hún skipti mestu máli fyrir þann hóp sem hefur ekki að lokið grunnnámi og sækir ekki endurmenntun. En svo virðist sem hefðbundinn munur á kynjunum sé mjög að minnka og sennilega eru stúlkur að fara fram úr piltunum samkvæmt þessum mælikvarða.

Mynd 4 sýnir hefðbundin tengsl óformlegrar endurmenntunar, kyns og aldurs. Þótt það séu einhverjar sveiflur í línuritunum og athyglisverður kynjamunur í aldursþópunum 45-54 ára má segja að ekki verði umtalsverður samdráttur í virkni fólks fyrir en eftir sextugt. Parna kemur fram að 40-50% fólks á aldrinum 30-59 ára sækir sér endurmenntun á hverju ári.



Mynd 4. Hlutfall fólks sem hefur tekið þátt í einhverri endurmenntun (sem er flokkuð sem formlegir atburðir) sem ekki telst til formlegrar skólagöngu, greint eftir kyni og aldri. Miðað er við 12 mánaða tímabil.

Meðal þess sem er helst áhyggjuefni í endurmenntun er það ójafnvægi sem sífellt er verið að glíma við. Það tengist misjöfnum bakgrunni fólks, svo sem aldri, kyni og menntun. Eldra fólk sækir sér síður endurmenntun en það yngra, konur oft frekar en karlar og þeir sem hafa minni menntun síður en þeir sem hafa meiri menntun. Mynd 4 sýnir að þetta er rétt hvað snertir aldur, en er ekki mjög sláandi, og einnig kyn en munurinn er þó ekki mikill. Munur vegna menntunar er sennilega hvað mestur (sjá t.d. Mynd 21 í Jón Torfi Jónasson og Jóhanna Rósa

Arnardóttir, 1999, og umfjöllun í Jón Torfi Jónasson og Jóhanna Rósa Arnardóttir, 2001c). Það hefur verið sýnt fram á að slíkur mismunur er hvað minnstur á Íslandi miðað við þau lönd sem við berum okkur helst saman við, óháð því hver þessara bakgrunnsbreytna er notuð (sjá Jón Torfi Jónasson og Albert Tuijnman, 2001b). En þetta er samt atriði sem þarf stöðugt að gaumgæfa. Til viðbótar kemur í ljós að starfsfólk mjög lítilla fyrirtækja virðast standa höllum fæti og því þarf engu síður að gefa gaum, ekki síst í umræðu um samkeppnishæfni lítilla fyrirtækja (sjá m.a. gögn í töflu 3 í Jón Torfi Jónasson og Jóhanna Rósa Arnardóttir, 2001b og Mynd 3.11 í Beatriz Pont o.fl., 2003).

## Nánasta framtíð

Ég tel mikilvægt að fólk hyggi að þeim hugtökum sem notuð eru í umræðu um símenntunarpjódfélagið vegna þess að þau skipta miklu máli ef upp kemur ágreiningur um fjármögnun og lagasetningu og þess vegna einnig í umræðu um réttindi fólks og skyldur samfélagsins. Það reynist samt ekki hægt að hengja sig alfarið í tiltekna skilgreiningu vegna þess að þessi orð eru í daglegri umræðu notuð í ólíkri merkingu. Ég tel einnig mikilvægt að fólk ihugi vel samspil hins formlega skólakerfis og margvíslegrar óformlegrar menntunar og átti sig á því hvernig stór og mikil kerfi eins og skólakerfið þróast og það er langt frá því að þeirri þróun sé lokið. Þar skiptir tvennt mestu máli. Í fyrsta lagi hve hratt óformlega kerfið lagar sig að hinu formlega enda eru margvísleg rök fyrir því að það gerist þótt stundum væri skynsamlegt að leyfa hinu óformlega kerfi að blómstra ótruflað og jafnvel að liðka fyrir fleiru en einu slíku kerfi. Í öðru lagi skiptir máli að ekki sé uppi óþarfa togstreita á milli þeirra sem móta þessi kerfi en hún var oft talsverð hér á árum áður og ég held það hafi spillt fyrir á báðum vígstöðvum. Ég tel einnig mikilsvært að fólk geri sér skýra grein fyrir því að rök fyrir símenntunarpjódfélaginu eru margslungin. Vegna þess að bæði rökin og hugtökin eru flókin verður ekki einfalt að útdeila ábyrgð á menntun eins og stundum er látið í vðri vaka.

Það er ljóst að við stöndum frekar höllum fæti hvað varðar hina formlegu grunnmenntun og sú staða virðist breytast hægt. Á hinn bóginn er þátttaka í endurmenntun þrátt fyrir allt frekar mikil og mynstur hennar líkt og sést hjá öðrum þjóðum, til dæmis hvað snertir þátttöku ólíkra aldurshópa. Það ójafnvægi sem sést í þátttökumynstrinu, bæði í ljósi fyrri menntunar nemenda og stærðar fyrirtækja, er svipað og annars staðar og ætti að vera áhyggju- eða að minnsta kosti umhugsunarefni. Jafnframt þarf að huga að því hverjum beri að tryggja það jafnræði sem samfélagið gengur út frá.

Mikilvægi endurmenntunar er almennt viðurkennt í samfélaginu en alls ekki í eitt skipti fyrir öll. Rökin verða stöðugt að vera í endurskoðun og eins leiðirnar og staðan hverju sinni.

Jón Torfi Jónasson,  
prófessor við Háskóla Íslands.

## Heimildir

Beatriz Pont, Anne Sonnet and Patrick Werquin. (2003). *Beyond rhetoric: adult learning policies and practices*. Paris, France: OECD.

Bertrand Schwartz. (1971). Ævimenntun og menntakerfi framtíðarinnar. *Menntamáll*, 44, 35-49.

Ingi Sigurðsson. (1996). *Hugmyndaheimur Magnúsar Stephensens*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Jóhann S. Hannesson. (1971). Hugleiðingar um menntun fullorðinna. *Menntamáll*, 44(49-57).

Jón Torfi Jónasson og Albert Tuijnman. (2001a). The Nordic model of adult education: Issues for discussion. Í Albert Tuijnman og Zenia Hellström (Rittstj.), *Curious Minds. Nordic adult education compared* (bls. 116-128). Copenhagen: TemaNord & Nordic Council of Ministers.

Jón Torfi Jónasson og Albert Tuijnman. (2001b). Nordic Adult Education Compared: Findings and Interpretation. *Golden Riches. Nordic Adult Learning*, 2001 (2), 6-11.

Jón Torfi Jónasson og Jóhanna Rósa Arnardóttir. (1999). *Símenntun á Íslandi*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun.

Jón Torfi Jónasson og Jóhanna Rósa Arnardóttir. (2001a). *Fræðsla fullorðinna á Íslandi*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Jón Torfi Jónasson og Jóhanna Rósa Arnardóttir. (2001b). *Símenntun í atvinnulífinu. Símenntun á Íslandi. Skýrsla III*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun.

Jón Torfi Jónasson og Jóhanna Rósa Arnardóttir. (2001c). *Símenntun í ljósi fyrri skólagöngu. Símenntun á Íslandi. Skýrsla II*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun.